



2. tölublað 27. árgangur 2021

SOS BARNAPÖRPIN

Öll börn vilja gott heimili

Götubarn 3 ára, hjúkrunarfræðingur í dag



Sólveig styrkir tvö börn
í nafni látins bróður síns

*„Hét því að láta draum
Vals rætast í gegnum mig.“*



SOS styrkir verkefni í þágu
barna á Íslandi í fyrsta sinn



Barnaverndarmál: Barátta
gegn útbreiddu vandamáli



Sérstakt ár

Þetta ár hefur verið sérstakt fyrir SOS Barnabörpin. Í fyrsta sinn í sögu samtakanna létu aðildarfélög rannsaka alþjóðlega stjórnendur sína á laun. SOS Barnabörpin á Íslandi áttu frumkvæði að þeirri rannsókn ásamt samtökunum í Noregi og nokkrum öðrum löndum.

Rannsóknin leiddi í ljós valdniðslu og óheilbrigða stjórnunarhætti á efstu stigum, líkt og við greindum frá í fjölmiðlum sl. vor.

Í framhaldinu stígu forseti og varaforseti til hliðar og hafa nýir einstaklingar valist í þessi störf, auk þess sem ný alþjóðastjórn hefur verið kjörin.

Þá hefur alþjóðleg rannsóknarnefnd, skipuð fjórum reyndum dómurum frá jafnmörgum löndum, verið sett á laggirnar. Hlutverk hennar verður að rannsaka ákveðin mál frekar, en þau snúa að því hvort og þá hvernig samtökin og einstaka starfsmenn þeirra brugðust í málum er varða velferð og öryggi barna, spillingu og reglubrot. Þó er rétt að áréttta að ekkert bendir til annars en að framlög styrktaraðila hafi skilað sér til barnanna.

Fullt traust

SOS Barnabörpin á Íslandi bera fullt traust til nýs forseta, varaforseta og alþjóðastjórnar auk áður nefndrar rannsóknarnefndar. Við fylgjumst vel með þróun mála og sjáum sterka viðleitni alþjóðlegra stjórnenda til að bæta það sem þurfti að bæta og leggja enn meiri áherslu á velferð og öryggi þeirra barna sem okkur hefur verið treyst fyrir.

Fyrst og fremst sjáum við þó eindreginn vilja til að láta heiðarleika og gagnsæi ráða för í öllu starfi samtakanna, líkt og starfsfólk og styrktaraðilar gera kröfu til.

Nýir tímar

SOS Barnabörpin á Íslandi eru lítil samtök í stóra alþjóðlega samhenginu. Við höfum þó sýnt og sannað að við höfum rödd og áhrif. Eða eins og orðasambandið segir; oft veltir lítil þúfa þungu hlasi.

Við erum þess fullviss að SOS Barnabörpin eru að ganga í gegnum mikla endurnýjun og að framundan eru nýir tímar. Í öllu falli getum við lofað ykkur því að við munum hér eftir sem hingað til halda okkur á tánum og vera vakandi fyrir hverju því sem betur má fara. Við viljum heiðarleika og ráðdeild og við viljum að börn í neyð fái þá hjálp sem þau þurfa. Ekkert minna.

Hjálpin skilar sér

Í gegnum allan þennan ólgusjó höfum við aldrei efast um mikilvægi og styrk SOS Barnabörpanna til að bæta heiminn, þó í smáum skömmtum sé. Samtökin eru stórkostlegt tæki til að hjálpa börnum í neyð. Þau hafa sýnt það og sannað svo áratugum skiptir að hjálpin skilar sér.

Mótlætið verður alltaf til staðar. Sigrarnir eru bara miklu sætari þegar maður þarf að hafa svolítið fyrir þeim!

Takk fyrir að standa með okkur og börnunum – og megir þú eiga ánægjulega jólahátíð!

Ragnar Schram, framkvæmdastjóri SOS Barnabörpa á Íslandi.

Kauptu jólakortin hjá SOS og láttu gott af þér leiða

Jólaknúsur er það þriðja og síðasta í jólakortaseríu sem Elsa Nielsen hannaði fyrir SOS Barnabörpin - og gaf okkur. Þú getur pantað þessi kort og fleiri í vefverslun okkar á sos.is eða komið við á skrifstofu okkar í Hamraborg 1, Kópavogi.



EFNISYFIRLIT

4 SOS-FRÉTTIR

Fréttir af starfsemi SOS

6 SOS-SAGAN

Götubarn varð hjúkrunarfræðingur

8 VIÐTALIÐ

Sólveig styrkir börn í nafni Vals bróður síns

10 SÖGUR AF SOS-FORELDNUM

Hinsta óskin / Lopavettlingar til Rúmeníu

11 BARNAVERNDARMÁL

Barátta gegn útbreiddu og viðvarandi vandamáli

12 FJÁRMÁL SOS

Hvernig ráðstöfum við framlaginu þínu?

13 ÚR ÁRSKÝRSLU 2020

Lykiltölur úr starfsemi SOS á Íslandi

14 FJÖLSKYLDUEFLING SOS

Fyrstu fjölskyldurnar útskrifaðar í Eþíópíu

15 NIKOLA Í STYKKISHÓLMI


Stofnaði félagslega eflandi hóp í skólanum í þágu SOS



Ertu að leita að gjöf handa einhverjum sem vantar ekkert?

Gjafabréf SOS er tilvalið í pakkann og nauðstödd börn njóta góðs af. Andvirði gjafabréfsins er framlag til SOS Barnaþorpanna í nafni þess sem fær gjafabréfið.

Börn fá öryggi og hlýju í þínu nafni



Það er einfalt að panta gjafabréfið á sos.is



GJAFABRÉF

2. tölublað - 27. árgangur - desember 2021.

Fréttablað SOS Barnaþorpanna kemur út tvisvar á ári. Það er sent til styrktaraðila og er jafnframt liður í fjáröflun.



Sjáðu öll fréttablöð SOS rafrænt á sos.is.

Útgefandi

SOS Barnaþorpin á Íslandi

Ritstjóri

Hans Steinar Bjarnason

Ábyrgðarmaður

Ragnar Schram

Prófarkalestur

Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Forsíðumynd

SOS Noregur /Nina Ruud

Umbrot

Halldór Elías Guðmundsson

Prentun

Prentmet Oddi

SOS BARNAPORPIN

Hamraborg 1

200 Kópavogi

Sími 564 2910

sos@sos.is

www.sos.is



Fylgstu með okkur á samfélagsmiðlum.



Milljarðasamstarf SOS Barnaþorpanna og Heimstaden



Verkefnisteymi SOS og Heimstaden á Íslandi. Vinstra megin frá Heimstaden; Gauti Reynisson, framkvæmdastjóri, Margrét Guðjónsdóttir, forstöðumaður fjármála og mannauðsstjóri og Lóa Bára Magnúsdóttir, markaðsstjóri. Hægra megin, frá SOS, f.v. Rákel Lind Hauksdóttir, fjármála- og fjáröflunarstjóri, Hans Steinar Bjarnason, upplýsingafulltrúi og Ragnar Schram, framkvæmdastjóri.

Í sumar var formlega kynnt til sögunnar metnaðarfullt samstarf SOS Barnaþorpanna og evrópska íbúðaleigufyrirtækisins Heimstaden sem ber alþjóðlegu yfirskriftina; „a Home for a Home“. Fyrir hvert heimili í íbúð Heimstaden gefur fyrirtækið 100 evrur til SOS Barnaþorpanna árlega. Í dag á Heimstaden yfir 110.000 íbúðir víðsvegar um Evrópu og eftir því sem fyrirtækið vex mun framlagið hækka. Heimstaden styrkir SOS Barnaþorpin á heimsvísu þannig um rúmlega 1,6 milljarða króna á fyrsta samstarfsárinu. Þetta mun tryggja örugg heimili og traustan grunn fyrir barnafjölskyldur um allan heim.

Fyrsta íslenska verkefni SOS Barnaþorpanna

Fyrir íslenska eignasafnið nemur styrkurinn 24 milljónum króna á fyrsta árinu og það gerir SOS á Íslandi m.a. kleift að styrkja verkefni í þágu barna hér landi í fyrsta sinn. Í fyrstu

verkefnum „a Home for a Home“ hér á Íslandi er athyglinni beint að Ásbrúarsvæðinu á Reykjanesi sem hefur fundið sterkt fyrir áhrifum heimsfaraldursins. Þar eru tvö verkefni sem hljóta forgang. Á Ásbrú er þörf fyrir fjölbreyttari afþreyingu fyrir börn og ungmenni í nærumhverfi sínu. „A Home for a Home“ verkefnið mun afhenda Reykjanesbæ ærslabelg að gjöf, sem er fyrsta skref í byggingu nýs leikvallar, miðsvæðis í hverfinu. Hitt verkefnið snýr að stuðningi við sérkennslu í leikskólanum Skógarási á Ásbrú sem fær tækjábúnað til sérkennslunota og þannig eflum við úrræðin sem í boði eru.

„Markmiðið er að skapa vettvang sem styrkir félagslegt net barna og ungmenna og stuðlar að þroska og heilbrigði. Það hefur sterk fyrirbyggjandi gildi að börn hafi afþreyingu í nærumhverfi sínu og vettvang til útivistar og að rækta vináttu,“ segir Gauti Reynisson, framkvæmdastjóri Heimstaden á Íslandi.

Skráning hafin á Velgjörðafyrirtækjum SOS

Fyrirtækjum á Íslandi gefst nú kostur á að tengjast SOS Barnaþorpunum með því að gerast Velgjörðafyrirtæki SOS. Að bera þann titil er yfirlýsing viðkomandi fyrirtækis um að það vilji gera heiminn betri fyrir munaðarlaus og yfirgefn börn og stuðla að betra lífi fyrir sárafátækar barnafjölskyldur. Velgjörðafyrirtæki styrkir SOS Barnaþorpin með framlagi sem nemur a.m.k. 500.000 kr. á ári. Velgjörðafyrirtækjum er heimilt

að nota merki þess efnis á vefsíðu sinni. Nafn og merki Velgjörðafyrirtækja birtast á vefsíðu SOS Barnaþorpanna (fyrirtækjasvæði) og í SOS-fréttablaði. Fyrstu þrjú velgjörðafyrirtæki SOS eru Vettvangur, Heimstaden og 66°Norður.



Heimstaden





Eliza Reid, velgjörðasendiherra SOS, afhenti viðurkenninguna fyrir hönd SOS. Henni veittu viðtöku Guðrún Helga Harðardóttir framkvæmdastjóri og Rakel Dögg Óskarsdóttir frá Einstökum börnum.

Einstök börn hljóta fjölskylduviðurkenningu SOS 2021

Félagið Einstök börn hlaut í sumar fjölskylduviðurkenningu SOS Barnaporpanna á Íslandi árið 2021. SOS hefur veitt viðurkenninguna árlega frá árinu 2016, að 2020 undanskildu, aðilum sem vinna mikilvæg störf í þágu barna. Einstök börn hafa í 24 ár stutt við fjölskyldur barna og ungmenna með sjaldgæfa sjúkdóma eða heilkenni og eru hátt í 500 fjölskyldur í félaginu. „Þessum foreldrum mæta ótal hindranir og þeirra biður erfið barátta við kerfið. Það eru ekki allir foreldrar tilbúnir í slíka baráttu ofan á það krefjandi verkefni að annast mikið veikt barn. Einstök börn hafa háð baráttuna fyrir þessar fjölskyldur án opinbers stuðnings í allan þennan tíma,“ segir m.a. í umsögn valnefndar SOS Barnaporpanna.



Sorgin kemur í bylgjum

Hjónin Ásdís Gunnarsdóttir og Garðar Aron Guðbrandsson eru í félaginu Einstökum börnum. Þau eignuðust dótturina Fjólu Röfn árið 2014 en hún er með sjaldgæft heilkenni. Ásdís segir að eitt af því sem hefur komið henni mest á óvart sé að hún upplifi sorg reglulega. „Hvað maður er einhvernvegin að syrgja í bylgjum. Ég held að það hætti aldrei. Þetta er eitthvað sem ég rekst á þegar eru stór tímamót í lífi barnsins. Fyrsti dagurinn hennar í grunnskóla, skólasetningin, var erfiðasti dagur lífs míns. Þar brotnaði ég algerlega niður. Alveg það mikið að ég þurfti að leita mér aðstoðar sálfræðings.“

Sjáðu myndbandsviðtal við Ásdís á heimasíðu okkar, sos.is.



SOS á Íslandi sendir rúmar 3 milljónir til Haítí

SOS Barnaporpin á Íslandi munu senda alls 3.166.690 krónur til SOS á Haítí vegna neyðaraðstoðar þar í kjölfar jarðskjálfa í ágúst sl. Í neyðarsöfnun í haust söfnuðust 1.166.690 krónur og viljum við þakka almenningi af öllu hjarta fyrir að bregðast svona vel við ákalli okkar. SOS á Íslandi bætir við tveimur milljónum króna úr neyðarsjóði samtakanna og verður þessu heildarframlagi okkar Íslendinga varið í neyðaraðgerðir á Haítí.

Enn ríkir ringulreið þar eftir skjálfta að stærðinni 7,2 sem reið yfir vesturhluta eyjunnar 14. ágúst og neyðin er mikil.



SOS Barnaporpin og fleiri hjálparsamtök eru á staðnum en helstu verkefni SOS eru að tryggja öryggi og velferð barna og fjölskyldna þeirra. Nánar má lesa um aðgerðir SOS á Haítí á fréttasvæði sos.is.

Skráðu þig á sos.is og styrktu barnaporp á Haítí með mánaðarlegu framlagi.

VERTU SOS-BARNAPORPSVINUR - [SOS.IS](https://sos.is)



Götubarn 3 ára - Hjúkrunarfræðingur í dag

Þegar Kamala var þriggja ára bjó hún á götunni í Katmandú, höfuðborg Nepal. Í dag er hún 27 ára hjúkrunarfræðingur í SOS barnþorpinu í Sanothimi í Katmandú.

Á sjúkrastofu í barnþorpinu situr tíu ára drengur á stól og er í skoðun hjá Kamölu. Eitthvað bjátar á og drengurinn er skelkaður. „Þetta verður allt í lagi. Ég er bara að athuga hvort ég sjái hvað veldur sársaukanum,” segir Kamala og sest niður. Hún heldur á vasaljósi í annarri hendinni en tekur utan um annað eyrað með hinni. Vinir hans fylgjast spenntir með.

Kamala þekkir öll börnin í barnþorpinu mjög vel. Hún hefur unnið á sjúkrastofunni í þrjú ár og á hverjum degi bíða börn fyrir utan sjúkrastofuna þegar hún mætir. Líka heimilislausir hundurinn sem fylgir henni út um allt. Börnunum líður vel í návist Kamölu því hún skilur þau. Hún hefur líka misst foreldri eins og þau.

Strákar æðri en stelpur

Kamala fæddist árið 1994 í venjulegri lítilli fjölskyldu í litlu þorpi. Hún átti móður, föður og stóra systur. Þegar Kamala var 9 mánaða gömul veiktist hún af lungnabólgu en af því að

hún er stelpa fékk hún hvorki lyf né mjólk. „Það er mjög mikið gert upp á milli drengja og stúlkna, sérstaklega í sveitunum í Nepal. Þar vilja foreldrar frekar eignast drengi heldur en stúlkur. Mér líkar það ekki,” segir Kamala.

„Ég var þriggja ára þegar faðir minn yfirgaf okkur vegna þess að mamma gat ekki fætt honum dreng.“

Erfitt fyrir konur án menntunar

Víða í Nepal, sérstaklega í dreifbýli þar sem gamlar hefðir ein-kenna samfélagið, er það enn þannig að strákar eru álitnir æðri en stúlkur. Það er ekki óalgengt að faðir yfirgefi fjölskyldu sína ef hann á ekki son. Algengt er að karlmennirnir starfi sem farandverkamenn erlendis til að geta framfleytt



fjölskyldunni en það er líka algengt að þeir láti lífið við störf í hættulegum aðstæðum. Þá stendur eiginkonan eftir ein á báti með börnin, án vinnu og menntunar í samfélagi þar sem félagsþjónusta er vanþróuð. Það er því ekki óalgengt að móðirin yfirgefi börnin líka til að hefja nýtt líf.

Á götunni eftir að pabbi hvarf

Líf Kamölu breyttist þegar faðir hennar yfirgaf fjölskylduna. „Ég var þriggja ára þegar pabbi yfirgaf okkur vegna þess að mamma gat ekki fætt honum dreng.“ Eftir stóð móðir Kamölu, ein með tvö börn og alveg tekjulaus. Hún tók þá ákvörðun að fara með dætur sínar til Katmandú til að freista gæfunnar og finna starf. Þangað komu mæðgurnar allslausar og bjuggu þær berskjaldaðar á götunni í einni menguðustu borg heims.

Kamala minnst þess hversu hrædd hún var á næturnar en hún fann fyrir öryggi af flækingshundum sem mæðgurnar gáfu að borða og voru hjá þeim meðan þær sváfu „á götunni“.

Við tóku fjögur ár sem Kamala segir þau erfiðustu sem hún hefur upplifað. Hún minnst þess hversu hrædd hún var á næturnar en hún fann fyrir öryggi af flækingshundum sem þær gáfu að borða og voru hjá þeim meðan þær sváfu. „Ég man að ég var alltaf svöng. Það var erfiðast að eiga aldrei fyrir grunnþörfum okkar. Við áttum sjaldan pening og ég komst ekki í skóla sem mér fannst einstaklega miður því mig langaði svo að læra,” segir Kamala.



Börnunum líður vel í návist Kamölu því hún skilur þau. Hún hefur líka misst foreldri eins og þau.



Vinir drengsins fylgjast áhyggjufullir með þegar Kamala skoðar eyrað.

Vonleysi verður að von

Ástand mæðgnanna var komið að þolmörkum þegar litla systir Kamölu fæddist. Þá var Kamala komin að hluta til í skóla og skólastjórinn þekkti starfsmann hjá SOS Barnaþorpunum í nágrenninu sem hann kom þessari brothættu fjölskyldu í samband við. Leiðin út úr vonleysinu var fundin. SOS Barnaþorpin hjálpuðu fjölskyldunni og allar systurnar byrjuðu í skóla. Ekki leið á löngu þangað til Kamala var færð upp um bekk því hún var fljót að læra. „Ég dýrkaði lærdóminn. Ég var svo fróðleiksfús að ég las meira að segja námsbækur eldri systur minnar þegar ég hafði tíma.

Kamala var fljótt farin að taka þátt í félagslífinu og varð formaður nemendaráðs auk þess sem hún tók þátt í dans- og tungumálakeppnum. Það sem skömmu áður virtist vonlaust var nú orðið að veruleika, þökk sé skólastjóranum, SOS Barnaþorpunum og styrktaraðilum þeirra. „Ég er svo stolt en umfram allt þakklát fjölskylduáætlun SOS sem hjálpaði okkur að komast þangað sem við erum í dag. Vonandi mun saga mín verða til þess að fleiri styrki SOS Barnaþorpin því það eru líka börn utan barnaþorpanna sem þurfa á hjálp að halda,” segir Kamala.

Fjölskylduaðstoð barnaþorpanna er keimlík fjölskylduefingu SOS og gengur út á að hjálpa illa stöddum barnafjölskyldum til sjálfbærni. Auk þess að reka tíu barnaþorp hafa SOS Barnaþorpin í Nepal hjálpað hundruðum fjölskyldna á þennan hátt frá árinu 1994.

Aftur á sjúkrastofuna

Við erum komin aftur á sjúkrastofu Kamölu þar sem þessi frásögn hófst. Hún er búin að skoða eyrað á drengnum og allt er í himnalagi. Einhver aðskotahlutur var fastur sem Kamala er búin að fjarlægja. Fyrir utan bíða ennþá mörg börn eftir því að komast í skoðun enda búa 160 börn í barnaþorpinu í Sanothimi. Ef eitthvað amar að, líður þeim alltaf betur eftir að Kamala hefur skoðað þau.

298 börn í SOS barnaþorpum í Nepal eiga SOS-foreldra á Íslandi.



„Hét því að láta draum Vals rætast í gegnum mig.“

Valur lést í lok árs 2020 en er í dag SOS-foreldri - í anda

Viðtal: Hans Steinar Bjarnason.

Dað er vormorgunn á skrifstofu SOS Barnaþorpanna í Kópavogi. Þetta er hefðbundinn dagur hjá starfsfólkinu og hljóðlátur ómur af símhringingu blandast við smelli á lykklaborð og samtöl. Hingað hringja reglulega styrktaraðilar með ýmis erindi og fólk með almennar spurningar. Í símanum er Sólveig Guðmundsdóttir í Reykjavík með óvenjulegt en hjartnæmt erindi sem hefur bærst innra með henni í nokkurn tíma. Hún vill athuga hvort hún geti framfylgt ósk látins bróður síns, Vals Guðmundssonar, með því að skrá hann sem SOS-foreldri og styrkja þannig barn í SOS barnaþorpi. Valur lést 29. desember 2020, skömmu fyrir áttæðisafmæli sitt 9. janúar.

Kom á óvart að þetta bjó í hjarta hans

„Valur eignaðist ekki börn sjálfur en hann átti sér þann draum að ættleiða barn, eins og hann orðaði það. Hann sagði mér það seint á ævinni, þá vel fullorðinn. Það kom mér svolítið á óvart að það bjó í hjarta hans,“ sagði Sólveig þegar



Valur og Sólveig árið 1996.

undirritaður heimsótti hana í sumar til að taka þetta viðtal. Tölvukerfi SOS Barnaþorpanna býður ekki upp á að skrá látið fólk fyrir stuðningi við börn en hér leyfum við tölvum ekki að segja „nei“. Upp kom því sú hugmynd að Sólveig skráði sig sem SOS-foreldri og heiðraði á einstakan hátt minningu Vals bróður hennar.

„Það kom mér svolítið á óvart að það bjó í hjarta hans. Þá hét ég því að láta þennan draum Vals rætast í gegnum mig og í hans nafni.“

„Meðan hann var á lífi hafðist ekki að koma því í framkvæmd. Því miður. Þegar hann lést lét hann mér eftir nokkurt fé. Þá hét ég því að láta þennan draum Vals rætast í gegnum mig og í hans nafni. Ég valdi SOS Barnaþorpin og fékk þar samband við svo ágætt fólk. Ég ætlaði mér í fyrstu að vera aðeins milliliður og fékk þá hugarvissu um leið að börnin ættu að vera tvö. Helst systkin og það rættist.“

Merkileg tenging barnanna við Sólveigu

Sólveig vildi styrkja systkin með búsetu á sama stað og fór Katrín þjónustufulltrúi hjá SOS að skoða möguleikana. „Meðan á þeirri leit stóð gerðist það hjá mér að nafnið Nepal fer að klingja í höfði mér. Sífellt. Ég bæði skildi það og skildi það ekki. Næst gerist það í símtali að Katrín tjáir mér





Styrktarbörn þeirra Sólveigar og Vals í Nepal eru Lila (5 ára) og Sandesh (2 og hálf árs). Drengurinn minnir Sólveigu mikið á Val.

spennt að hún sé búin að finna systkini á þremur stöðum, Bangladesh, Litháen og Nepal. Þá klingdi bjöllum og ég vissi að Nepal var hið rétta." Í júní var gengið frá skráningunni og Sólveig fékk senda möppu með myndum og upplýsingum um börnin, tvö systkini í SOS barnaþorpinu í Sanothimi í Nepal.

„Við gerðum þetta saman, Valur og ég.“

„Það var magnað alveg og ég svo glöð með það. Hún gaf mér upp nöfn þeirra og aldur, tæplega fimm ára stúlka, Lila Maya, og tveggja og hálf árs drengur, Sandesh. Ég tók fljótt eftir því að nöfn stúlkunnar líkjast nöfnum tveggja ömmubarna minna sem eru Lilja og Maja. Eftir á fór ég að hugsa, gæti verið að drengurinn, Sandesh, ætti afmæli í sama mánuði og Valur heitinn bróðir minn? Og jafnvel að Lila Maja ætti afmæli í sama mánuði og ég? Ég var svo spennt fyrir þessu atriði. Jæja, þegar mál skýrðust kom í ljós að drengurinn var fæddur þann 11. janúar en Valur bróðir þann 9. janúar. Stúlkan, Lila Maya var fædd 8. september en ég Sólveig, fædd 8. ágúst. Sem mér fannst merkilega ánægjulegt.“

Valur var sterkur persónuleiki

Það er auðsýnlegt að Sólveigu þótti afar vænt um bróður sinn sem hún segir að hafi verið sterkur persónuleiki. „Hann var mikill keppnismaður, alveg fram í andlátíð. Hann var mjög trúaður og kunnir biblíuna utan að. Gat verið þakkari og stundum viðhaft smá greifastæla. Gat verið skrautlegur í samskiptum á stundum vegna sjúkdóms síns. En fyrst og

fremst var hann afar góð, viðkvæm og fögur sál sem veiktist fyrst um 17 ára aldur. Hann átti við það að stríða alla ævi eftir það. Hann var vinnusamur og listrænn. Hann hélt alla tíð miklu sambandi við sitt fólk og var á vissan hátt mjög tryggur og félagslyndur. Hann átti taflfélaga og sótti útskurðarnámskeið og þess háttar. Hann saumaði mikið út en var menntaður bifreiðasmiður og vann við það framan af ævi.“

Valur kynntur sem styrktarforeldrið

Ákveðið var að Sólveig myndi kynna aðkomu Vals og sinn þátt með sendibréfi til barnanna. Ánægja hennar með þróun mála jókst með hverjum degi eftir að hún fékk ljósmyndir af börnunum og upplýsingar um þau. „Ég varð svo hrifin og glöð að sjá systkinin á myndum að ég samdi eitthvað líkt ljóði, eða einskonar ljóð um þau og til þeirra á ensku. Það kom mér á óvart hvað drengurinn Sandesh minnti mig mikið á Val. Krúttleg ásýndin, dökka hárið og brún augu. Ég hafði á tilfinningunni að ég hefði þekkt þessi börn alla tíð,“ segir Sólveig sem skrifaði bréf og ljóð til barnanna sem verða lesin fyrir þau þegar þau hafa aldur til. Einnig fylgdu með myndir af Val sem er hið eiginlega styrktarforeldri þeirra á Íslandi - í anda.



Valur var vinnusamur og listrænn.

Allt eins og átti að verða

„Allt fannst mér ganga upp eins og átti að vera. Allt ferlið frá upphafi hefur einkennst af því að allt hafi verið ákveðið fyrirfram, frá upphafi til enda. Rétt eins og æðri máttur hafi verið að verki. Þannig að allt gerðist í fullri sátt. Allt er eins og átti að verða og ég gæti best óskað mér, Val og börnunum. Ég er afar sátt og glöð við gang mála og lendingu þess og alveg viss um að hann Valur er það einnig. Við gerðum þetta saman, Valur og ég.“

Sjáðu til þess að óskum þínum verði framfylgt

Haltu áfram að gefa von

Fjöldi umkomulausra barna hefur fengið nýtt líf og nýja von vegna erfðagjafa frá stuðningsaðilum SOS Barnaþorpanna. Fáðu frekari upplýsingar hjá okkur.



www.erfdagjof.is

Sími: 5642910 // sos@sos.is



Nú þrjónaði Guðrún 60 pör af lopavettlingum fyrir börnin í Rúmeníu

Í SOS barnaþorpinu í Hemeius í Rúmeníu og nágrenni þess klæðast börn og fjölskyldur íslenskum lopaklæðnaði í vetur. Á dögum kom sending til barnaþorpsins frá Íslandi sem í voru m.a. 60 pör af lopavettlingum sem Húsvíkingurinn Guðrún Kristinsdóttir handþrjónaði og gaf börnunum. Margir muna eftir Guðrúnu síðan hún komst í fréttirnar undir lok árs 2019 eftir að hafa handþrjónað 57 lopapeysur á börn og starfsfólk barnaþorpsins. Guðrún ákvað fyrst að þrjóna eina lopapeysu fyrir styrktardóttur sína í barnaþorpinu en vildi svo ekki skilja hin börnin útundan, og heldur ekki starfsfólkið, og ákvað hún því að þrjóna peysur á alla. Guðrún notaði afgangslöppann eftir peysurnar og þrjónaði vettlingana sem hún kom til okkar á skrifstofu SOS í Hamraborg í Kópavogi. Þar voru fyrir sokkar og húfur úr lopa sem annar styrktaraðili hafði fært samtökunum að gjöf og var allur lopaklæðnaðurinn sendur í barnaþorpið þar sem hugsað er til Guðrúnar af hlýju. Vettlingunum, sokkunum og húfunum var dreift til barnanna í barnaþorpinu og til barnafjölskyldna í samfélagsþjónustumiðstöð SOS þar sem margir hlýja sér í íslenska lópanum í vetur.



Síðasta framtíðargjöf Lilju

Lilja Huld Sævars vissi að hún ætti skammt eftir ólífað þegar hún bað Ínu dóttur sína um að framfylgja einni af sínum hinstu óskum snemma á þessu ári. Lilja vildi ná einni lokagreiðslu inn á framtíðarreikning styrktarbarns síns áður en hún yfirgæfi þetta jarðlíf. Lilja hafði undanfarin fimm ár styrkt Alan, dreng í SOS barnaþorpi í Króatíu sem nú er orðinn 13 ára. „Hún vissi í hvað stefndi. Þetta var alveg eitt ár sem hún hafði,“ sagði Ína þegar hún kom á skrifstofu SOS Barnaþorpanna í Kópavogi snemmsumars til að framfylgja þessari hinstu ósk móður sinnar sem lést 3. mars á þessu ári.

„Henni var það mikið í mun að hún næði einni greiðslu í viðbót til Alans. Hún hugsaði oft til hans og þetta var henni mikið hjartans mál. Hún styrkti mörg góðgerðarmál og þau voru mörg símtölin sem ég þurfti að hringja til að segja upp stuðningi hennar eftir andlátíð. En þetta var alveg sérstakt. Það skipti hana máli að Alan fengi þessa síðustu gjöf frá henni.“

Peninggjöf inn á framtíðarreikning SOS rennur óskipt til styrktarbarnsins og er vinsæl leið sem SOS-foreldrar nýta sér til að auka möguleika barnanna í framtíðinni. Algengt er að sjóðurinn nýtist til íbúðarþauka, stofnunar á atvinnurekstri eða fjármögnunar á frekara námi. Barnið fær sjóðinn afhentan þegar það yfirgefur þorpið og fer að standa á eigin fótum.

Lilja styrkti tvö börn í gegnum tíðina hjá SOS Barnaþorpunum. Fyrst stúlku í barnaþorpi í Rúmeníu en þegar hún varð fullorðin og flutti að heiman árið 2016, tók Lilja að sér að styrkja Alan sem þá var 8 ára. Við hjá SOS á Íslandi hugsum með hlýju til Lilju og vottum aðstandendum hennar okkar einlægu samúðarkveðjur. Þó Lilja sé farin munu góðverk hennar lifa áfram og hafa áhrif.

Viltu auka möguleika styrktarbarns þíns í framtíðinni?

Peninggjöf inn á framtíðarreikning rennur óskipt til styrktarbarnsins. Einfaldast er að gefa peningagjöfina á Mínum síðum á sos.is (rafræn skilríki).

Einnig er hægt að leggja inn á framtíðarreikninginn: 0334-26-51092, kennitala: 500289-2529.



Barátta gegn útbreiddu vandamáli

Ofbeldi gegn börnum er útbreitt og viðvarandi vandamál í heiminum. Menningarvenjur eru mismunandi og sumsstaðar er beinlínis löglegt að beita börn líkamlegum refsingum. Þá er kynferðisleg misnotkun á börnum víða mikið feimnismál og þar af leiðandi er skortur á að slíkt ofbeldi sé tilkynnt.

SOS Barnaþorpin líða ekki neins konar ofbeldi gegn börnum, misnotkun, vanrækslu eða brot á friðhelgi og réttindum barna. Samtökin vinna í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og tilmæli um alla umönnun barna. Hjá samtökunum starfar afar öflugur hópur heiðarlegs fólks með sérþekkingu sem hefur eftirlit með barnavernd að sínu aðalstarfi.

SOS Barnaþorpin starfa í 137 löndum og fara með forræði rúmlega 65 þúsund barna og ungmenna í barnaþorpum og ná að auki til 347 þúsund barna, ungmenna og fullorðinna með stuðningi okkar við fjölskyldur. Ástæðan fyrir tilvist samtakanna er velferð barnanna, að börnin séu örugg og að þeim líði vel. Börn þurfa fullorðna sem hægt er að treysta á.

SOS á Íslandi hafði frumkvæði að rannsókn

Við eigum að vera sérfræðingar í barnavernd og styrktaraðilar samtakanna eiga að gera kröfu um slíkt. Því var það okkur mikið áfall, þegar við komumst að því fyrr á árinu, að æðstu yfirmenn í nokkrum löndum og jafnvel hæst settu yfirmenn alþjóðasamtakanna, hafi ekki alltaf tekið ábendingum og ásökunum um brot gegn börnum alvarlega. Alþjóðasamtök SOS Barnaþorpanna fengu í vor niðurstöður rannsókna tveggja utanaðkomandi (óháðra) aðila. SOS á Íslandi var í hópi nokkurra aðildarlenda SOS sem höfðu frumkvæði að annarri rannsókninni eftir ábendingar.


Eftir ítarlegar úttektir og rannsóknir hafa samtökin því þurft að horfast í augu við það að við stóðum okkur ekki nógu vel í þessum efnum. Það var sárt og hefur alþjóða framkvæmdastjóri SOS beðist opinberlega afsökunar fyrir hönd samtakanna.

Forsetinn frá völdum og ný forysta tók við

Þó hér sé um afar viðkvæm og erfið mál að ræða hafa þau leitt af sér jákvæða og nauðsynlega breytingu fyrir SOS Barnaþorpin á heimsvísu. Tímamót urðu í sögu SOS í júní þegar Dr. Dereje Wordofa frá Eþíópíu var kjörinn nýr forseti alþjóðasamtakanna og er hann aðeins fjórði forseti SOS frá stofnun samtakanna, árið 1949. Beáta Juvancz frá Ung-

verjalandi var kjörin varaforseti og hlutu þau bæði yfirgnæfandi kosningu, eða um 90% hvort. Einnig var ný alþjóðastjórn kosin, æðsta vald samtakanna á alþjóðavettvangi.

Kjör þeirra Wordofa og Juvancz markar nýtt upphaf SOS Barnaþorpanna eftir að fyrrum valdhafar ákváðu að draga framboð sín til baka. Þá ákvörðun tóku þau eftir að áður nefnd rannsókn leiddi í ljós valdniðslu þeirra og vanrækslu. SOS Barnaþorpin á Íslandi bera fullt traust til Dereje og Beátu.



Dr. Dereje Wordofa forseti SOS Barnaþorpanna og Beáta Juvancz varaforseti.

Aðgerðaáætlun

Starfsfólk, og jafnvel börnin sjálf, vita hvað gera á þegar upp kemur grunur um brot. Það var því ekki kerfið sjálft sem brást, heldur einstaklingar sem ekki fylgdu verklaginu. Meðal forgangsatríða aðgerðaáætlunar sem aðalstjórn SOS samþykkti í sumar var að setja á laggirnar stöður umboðsmanna barna víða um heim til að tryggja að fullt tillit sé tekið til réttinda, þarfa og hagsmuna barna. Einnig var sett á laggirnar alþjóðleg nefnd með utanaðkomandi sérfræðingum sem á að gera tillögur að úrbótum og nauðsynlegum breytingum á stjórnun samtakanna. Nefndin tók til starfa 1. október og hana skipa fjórir virtir og reyndir einstaklingar sem þú getur kynnt þér betur í frétt þess efnis á heimasíðu okkar, sos.is.

Á hverju ári er birt á heimasíðu alþjóðasamtakanna árskýrsla yfir öll barnaverndarmál sem upp koma innan SOS og er hún aðgengileg öllum. SOS Barnaþorpin munu ekki sofna á verðinum. Við munum halda áfram eftir okkar bestu getu að tryggja að börnin í okkar umsjá njóti þeirrar verndar sem þau eiga rétt á.

Svona er framlögum þínum ráðstafað



Rake Lind Hauksdóttir, fjármála og fjáröflunarstjóri SOS Barnaþorpanna á Íslandi skrifar:

SOS Barnaþorpin leggja mikið upp úr gagnsæi í fjármálum og kappkosta að upplýsa styrktaraðila um alla þætti starfsins, þ.m.t. hvernig framlögum þeirra er ráðstafað og hve stór hluti þeirra fer í umsýslu. Á árinu 2020 runnu 813 kr. af hverjum 1.000 kr. beint í hjálparstarfið. Kostnaðurinn

„Tækniframfarir hafa gert okkur kleift að rekja framlögin betur en áður, í hvert barnaþorp og til hvers barns.“


var örlítið hærri en undanfarin ár enda reyndist árið 2020 okkur öllum erfitt. Margir sögðu upp stuðningi sínum og fjáröflunarkostnaður jókst en nýir styrktaraðilar komu í staðinn. Ársreikningur er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og er endurskoðandi samtakanna Ernst & Young. Á vefsíðu okkar er ársreikningur birtur og höfum við gert slíkt til margra ára í því skyni að tryggja bæði eftirlit og gagnsæi. Ársreikning og ársskýrslu má finna á heimasíðu okkar, sos.is.

Þitt framlag

Þegar SOS-foreldri eða SOS-barnaþorpsvinur greiðir framlag til SOS Barnaþorpanna ábyrgjumst við að 85% fari til styrktarbarnsins eða barnaþorpsins. 15% umsýslukostnaði er m.a. ráðstafað í eftirlit, öflun nýrra styrktaraðila og þjónustu við núverandi styrktaraðila. Af framlagi SOS-fjölskylduvina fara að lágmarki 80% í fjölskyldueflinguna sjálfa en 20% í utanumhald. Ástæðan fyrir hærri umsýslukostnaði í fjölskyldueflingu er að eftirlit með þeim verkefnum er flóknara en þar náum við til fleiri barna á verkefnatímanum.

Bókhald á hverju heimili

Áætlanir eru mikilvægar til að samtökin viti um kostnað í hverju landi og því þarf hver SOS móðir/faðir í barnaþorpi að gera áætlun um útgjöld. Þannig vitum við hversu miklu þarf að safna fyrir viðkomandi fjölskyldu. Styrktarforeldrar greiða kostnað við upphald barnanna og rekstur heimilisins. Allir reikningar sem SOS móðir/faðir greiðir eru færðir í bókhaldskerfi.



Hvaða leið fer fjármagnið?

Þegar styrktaraðili á Íslandi gefur vilyrði fyrir styrk er framlagið merkt viðkomandi styrktarbarni, barnaþorpi eða verkefni. Í hverjum mánuði eru upplýsingar um hversu háa upphæð við höfum vilyrði fyrir frá styrktaraðilum settar í miðlægt kerfi samtakanna í Austurríki. Barnaþorpin senda upplýsingar um fjárþörf út frá sínum áætlunum inn í kerfið og eru þessar upplýsingar keyrðar saman. Þegar fjármagnið er komið á bankareikning SOS á Íslandi er það millifært til alþjóðaskrifstofu SOS Barnaþorpanna innan sex mánaða.

Er hættu á spillingu?

Þrátt fyrir gagnsæi og að ferlar séu til staðar verður hættu á misferli ekki útrýmt. En með öllum þeim aðgerðum sem framkvæmdar eru, er verið að lágmarka áhættu eins og kostur er. Í siðareglum SOS Barnaþorpanna er skýrt tekið fram að spilling verður aldrei liðin innan samtakanna. Við störfum m.a. í löndum þar sem spilling er hluti af efnahagskerfinu og jafnvel hluti af menningunni. Slíkt flækir störf samtakanna þar sem við gerum ríka kröfu um heiðarleika. Tækniframfarir hafa gert okkur kleift að rekja framlögin betur en áður, í hvert barnaþorp og til hvers barns. Við höfum lent í því að skrifræðið hefur hægt á umbótum en þrátt fyrir það höldum við okkar striki og gefum engan afslátt af eftirliti.



Heildartekjur
673,7
milljónir króna

407 milljónir króna frá
SOS-foreldrum og
Barnaþorpsvinum.

17,2 milljónir frá
Fjölskylduvinum.



SOS-foreldrar..... 8.704
Barnaþorpsvinir..... 599
Fjölskylduvinir..... 1.131

10.434
mánaðarlegir
styrkir á Íslandi

8.703
börn með íslenska
SOS-foreldra













428 barnaþorp
í 107 löndum



813 krónur af hverju 1.000 króna framlagi fara í
hjálparkerfni - 187 krónur í umsýslu.

Hvert fóru framlögin?

Tíu efstu löndin

				
1 Indland	2 Sýrland	3 Kongó	4 Sambía	5 Nepal
31.817.567 kr.	12.850.205 kr.	11.341.302 kr.	10.764.982 kr.	10.695.200 kr.
				
6 Malí	7 Bólvía	8 Eþíópía	9 Kenía	10 Tansanía
9.733.813 kr.	9.423.309 kr.	9.328.633 kr.	9.053.640 kr.	7.112.464 kr.

30.915
styrktaraðilar
á ári



Fyrstu fjölskyldurnar útskrifaðar í Eþíópíu

Eins og flestir SOS-fjölskylduvínir vita eflaust hafa SOS Barnaþorpinn á Íslandi fjármagnað verkefni í Eþíópíu sem ber titilinn Fjölskylduefning. Verkefni okkar á Tullu Moye svæðinu, Iteya og nágrenni, hófst árið 2018. Þar hjálpum við 560 fjölskyldum, 1562 börnum og foreldrum þeirra, að komast upp fyrir fátæktarmörk og standa á eigin fótum. Markmið og árangur fjölskylduefningar SOS eru að foreldrar geti séð fyrir börnum sínum. Þannig komum við í veg fyrir að barnafjölskyldur sundrist og börn standi eftir yfirgefin og umkomulaus.

Þau langþráðu og gleðilegu tíðinu urðu í sumar að fyrstu 50 fjölskyldurnar útskrifuðust úr verkefninu. Nánar tiltekið 51 fjölskylda af þessum 560 getur nú framfleytt sér án aðstoðar. 160 fjölskyldur til viðbótar voru svo að undirgangast lokamat fyrir útskrift þegar þetta fréttablað fór í prentun í nóvember. Þessi árangur er framar vonum og í raun óvæntur í ljósi þess bakslags sem varð vegna Covid-19.



Fjölskyldan hennar Hiwot er í hópi þeirra fyrstu sem útskrifuðust.

Frá vonleysi til vonar

Hiwot er 41 árs einstæð húsmóðir í Iteya sem gat ekki aflað nægra tekna til að framfleyta börnunum sínum. Staðan var svo slæm fyrir rúmum þremur árum að það stefndi í aðskilnað við börnin. Það var þá sem Hiwot fékk inngöngu í fjölskylduefninguna og varð það vendipunktur í lífi fjölskyldunnar. „Þá fékk ég þjálfun í meðferð peninga og uppeldishæfni

og ég lærði líka á réttindi mín til heilbrigðisþjónustu. Þar að auki fékk ég fjárhagslegan stuðning til að hefja minn eigin rekstur til að tryggja afkomu og líka matar- og skólalstyrk fyrir börnin.“

Í framhaldinu fór hún að baka og selja pönnukökur fyrir hótél sem keypti framleiðsluna af henni.

Útskrifuð úr fjölskylduefningunni

„Ég á varla til orð til að lýsa þakklæti mínu fyrir SOS Barnaþorpinn sem hafa stutt mig svo ég geti verndað börnin mín. Nú get ég staðið á eigin fótum og verndað börnin mín og séð fyrir þeim,“ segir Hiwot að lokum og hamingjan geislar af henni.

Þökk sé framlögunum frá Íslandi

Tadesse Abebe, verkefnisstjóri í Tullu Moye segir að mikil breyting hafi orðið á lífi barnanna og foreldra þeirra. „Fjölskyldurnar sem búa undir fátæktarmörkum eru að tileinka sér breytt hugarfar og nýtt líf með öllum þeim úrræðum sem í boði eru. Margt fólk sem upplifði algert vonleysi er nú að upplifa von. Börnin sem áður gátu ekki farið í nám eru nú byrjuð í skóla. Skólana skorti áður alla nauðsynlega innviði en ekki lengur, þökk sé framlögunum frá Íslandi.“

Verkefnið framlengt

Verkefni okkar í Eþíópíu átti að renna út í lok þessa árs en nú hefur það verið framlengt út desember 2023 til að hámarka árangurinn. Hætt er við að mikil vinna hefði farið í súginn ef við hefðum látið staðar numið nú í árslok. SOS Barnaþorpinn á Íslandi hafa undirritað styrktarsamninga til þriggja ára að virði 137 milljóna króna við Utanríkisráðuneytið vegna framlenginga á tveimur verkefnum. Þetta er hæsti styrkur sem samtökin hafa fengið frá íslenskum stjórnvöldum og mun hann nýtast við verkefnið í Eþíópíu og öðru í Sómalíu og Sómalílandi þar sem við hjálpum ungu fólki að fá vinnu og stofna fyrirtæki.

Utanríkisráðuneytið styrkir 80% af kostnaði fjölskylduefningarinnar í Eþíópíu en SOS-fjölskylduvínir 20%.



Félagslega eflandi hópur í þágu SOS í grunnskóla Stykkishólms



Það er aðdunarvert að sjá hvernig frumlegar hugmyndir íslenskra ungmenna í þágu góðra málefna hafa orðið að veruleika. Nikola og Tara, sem eru í tíunda bekk í grunnskólanum í Stykkishólmi, stofnuðu stuðningshóp innan skólans fyrir SOS Barnaþorpin en verkefni hópsins eru jafnframt félagslega eflandi fyrir nemendur.

Tilgangur stuðningshópsins er að halda fjáröflunarviðburði sem ekki aðeins styðja SOS Barnaþorpin í verkefnum sínum í þágu barna víða um heim heldur efla einnig samfélagslegan anda meðal nemenda í skólanum.

Nemendum umbunað fyrir hvern áfanga

Nikola og Tara byrjuðu á síðasta skólaári að halda kynningar um SOS Barnaþorpin fyrir alla bekkina í skólanum og áhugi nemenda var mikill. „Fimm nemendur skráðu sig fyrsta daginn og tveimur vikum síðar voru þeir orðnir 60 talsins,” segir Nikola og lýsir því hvernig nemendur hafi sökkt sér í verkefni í framhaldinu.


Settur var upp söfnunarkassi í skólanum sem krakkarnir setja í klink sem þeir eiga afgang frá sjoppuferðum eða hafa safnað með fjáröflunum eins og sölu á kökubakstri eða eftir dósa-söfnunarkerppni. Þegar peningurinn hefur náð yfir ákveðna línu í kassanum er nemendum umbunað. „Í hvert sinn sem við



náum upp að næstu línu fáum við að gera eitthvað skemmtilegt eins og t.d. að poppa.”

Fyrir ofan söfnunarbaukinn er hugmyndakassi sem nemendur geta sett í hugmyndir sínar fyrir fjáröflunarleiðir, verðlaun fyrir leiki og hvaðeina sem snertir SOS stuðningshópin.

„Við erum skóli svo við erum mjög mörg og getum því gert meira. Við höfum mjög mörg tækifæri til að gera eitthvað meðfram lærdómnum. Þetta skapar skemmtileg tækifæri í skólanum og um leið erum við að hjálpa.



Nikola segir skemmtilega frá þessu í myndbandi sem sjá má á heimasíðu okkar, sos.is.

Öðruvísi Jóladagatal

-Sælla er að gefa en þiggja

Öðruvísi jóladagatal SOS Barnaþorpanna hefst 1. desember. Á hverjum degi í desember opnast nýr gluggi með fræðandi myndböndum þar sem við fáum að kíkja í heimsókn til barna víðs vegar um heiminn.

Taktu þátt á sos.is!

Tendraðu ljós í lífi barns

Vertu SOS-foreldri

Of mörg börn eru **yfirgefin**, án **kærleiks** og **umönnunar** mömmu og pabba. Eins og í ævintýrinu um litlu stúlkuna með eldspýturnar.



SOS
BARNAPÖRPIN
ÍSLAND

Tendraðu ljós í lífi barns!

Gefðu umkomulausu barni kærleiksríkt heimili og örugga æsku. Vertu SOS-foreldri fyrir minna en 130 kr. á dag. **Skráðu þig á sos.is**